

Alþingi

Erindi nr. Þ 117 / 159

komudagur 30 / 11 1993

Til forstjóra TR


09.11.1993

Minnisblað v/sjúkrtryggingaskírteina

Ég vil ítreka það, að gefinn verði frekari gaumur að því hvort raunverulega sé þörf á sjúkrtryggingaskírteinum í því litla og tölvuvædda þjóðfélagi, sem við lifum í í dag. Meðan sú athugun færi fram tel ég rétt að 4. málslíð 1. mgr. 40. gr. ATL verði breytt í heimildarákvæði sem kveði á um að Tryggingastofnun ríkisins geti ákveðið að gefa út réttindaskírteini til hvers þess sem er sjúkrtryggður. Í gildandi lögum er þetta hins vegar skylda, sbr. minnispunkta undirritaðs frá 13. október sl., en þar sagði:

"Í 4. málslíð 1. málsgreinar 40. greinar almannatryggingalaga er kveðið á um að sjúkrtryggingadeild eða hlutaðeigandi umboðsskrifstofa gefi út réttindaskírteini til hvers þess sem sjúkrtryggður er. Krafa þessi hefur hingað til verið uppfyllt með áframhaldandi útgáfu gömlu sjúkrasamlagsskírteinanna og er löngu ljóst að slíkt getur ekki gengið endalaust. Spyrja má hvort með núverandi aðgengi að upplýsingum þjóðskrárinnar sé ekki óþarfi að gefa út réttindaskírteini og ákveða megi að fella niður ákvæðið og spara með því drjúgan skilding. Má ætla að sparnaður við slíka ráðstöfun vægi mörgum sinnum upp þann kostnað, sem sjúkrtryggingar hafa af óréttmætum greiðslum v/ótryggðra einstaklinga".

Ég tel nauðsynlegt að fyrir liggi niðurstaða könnunar á notagildi sjúkrtryggingaskírteina áður en tekin verður ákvörðun um útgáfu slíkra korta.

TRYGGINGASTOFNUN RÍKISINS  
Sjúkrtryggingadeild

29.11.1993

Til forstjóra TR

Komið hefur í ljós misræmi milli ákvæða laga nr. 113/1990 um tryggingagjald og ákvæða 1.mgr. 30.gr. ATL, sbr. 25.gr. frumvarps til laga um almannatryggingar (83.mál, fskj. 86). Í 1.mgr. 25.gr. frv. geta atvinnurekendur ákveðið sjálfir hvort þeir séu slysatryggðir eða ekki. Í lögum um tryggingagjald er hins vegar engin undanþága á greiðslu þess hluta tryggingagjaldsins sem innifelur iðgjöld atvinnurekanda sjálfs. Niðurstaðan er því sú, að atvinnurekandi getur valið að vera utan slysatrygginga ATL en er engu að síður rukkaður um fullt iðgjald fyrir slíka tryggingu!

TRYGGINGASTOFNUN RÍKISINS  
SLYENTRYGGINGADEILD

